

## Reglugerð

um útsendingu stuttra myndskaiða

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til ákvæða 6. og 7. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla um heimildir fjölmiðlaveitna til útsendinga á stuttum myndskaiðum frá viðburðum sem vekja mikinn áhuga meðal almennings.

### 2. gr.

Ákvæði 6. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 eiga við um sjónvarpsútsendingar sbr. 37. tölulið, 2. gr. sömu laga.

### 3. gr.

Fjölmiðlaveita sem sækir um aðgang að efni til útsendingar í almennum fréttatíma hjá fjölmiðli sem hefur einkarétt á útsendingu á því efni, skal fyrst leita eftir slíkum aðgangi hjá fjölmiðli í sama ríki, að öðrum kosti í ríki innan EES.

### 4. gr.

Með viðburðum, sem vekja mikinn áhuga almennings, er átt við viðburði sem hafa fréttagildi að mati þeirrar fjölmiðlaveitu sem óskar eftir leyfi til afnota, höfða til margra og eru jafnframt áhugaverðir fyrir aðra en þá sem að jafnaði fylgjast með viðburðum sama tagi. Þegar um íþróttaviðburði er að ræða, þar sem keppt er í mörgum íþróttagreinum, skal hver keppnisgrein teljast vera einn viðburður, sem vekur mikinn áhuga almennings. Þegar um eina keppnisgrein er að ræða og keppnin stendur yfir í marga daga skal hver keppnisdagur teljast vera viðburður, sem vekur mikinn áhuga almennings.

### 5. gr.

Þau stuttu myndskaið, sem skylt er að veita aðgang að skv. 6. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011, skulu ekki vera lengri en sem upplýsingaefnið gefur tilefni til og ekki lengri en 90 sekúndur, nema í sérstökum tilvikum og skal þá leita heimildar þess fjölmiðils, sem veitir aðgang að viðkomandi efni, um útsendingu á lengra myndskaiði en hér greinir.

### 6. gr.

Aðeins má senda út stutt myndskaið, sem veittur er aðgangur að skv. 5. gr. eftir að útsending frá viðkomandi viðburði hefur átt sér stað. Öll afnot af efni skal vera í samræmi við ákvæði höfundaréttarlaga nr.73/1972.

### 7. gr.

Þessi stuttu myndskaið má aðeins nota í almennum fréttapáttum á hvers kyns sjónvarpsstöðvum eða rásum. Með almennum fréttapáttum er átt við dagskrárliði sem fjalla um marga atburði eða fjölbreytt efni sem talið er hafa fréttagildi. Almennur fréttapáttur getur eftir atvikum fjallað um afmarkaða grein viðburða eins og til dæmis íþróttir.

8. gr.

Heimild til aðgangs að efni skv. 6. mgr. 45. laga nr. 38/2011 gildir ekki um efni úr skemmtipáttum.

9. gr.

Sá fjölmiðill, sem hefur fengið aðgang að stuttu myndskaiði til útsendingar skal geta þess við útsendingu hvaðan viðkomandi efni er fengið ef þess er nokkur kostur.

10. gr.

Óheimilt er að nota kynningar eða tal yfir mynd frá þeim fjölmiðli sem hefur einkarétt á sjónvarpsútsendingum frá innlendum og erlendum viðburðum, við útsendingar á stuttum myndskaiðum í öðrum fjölmiðlum.

11. gr.

Óheimilt er að innheimta greiðslu fyrir aðgang að og afnot af þeim stuttu myndskaiðum sem hér um ræðir.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í e. lið, 1. mgr. 62. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla og tekur þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, ..... 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.